Hringbrautar verkefnið

Framkvæmdafréttir 56 04.12 2020

Hringbrautarverkefnið staða framkvæmda og fréttir af verkefninu

- Búið að reisa öll húsin í fyrsta áfanga á vinnubúðareit
- Öryggismál eru mikilvæg í starfsemi NLSH, öryggisnámskeið í samstarfi við Eykt
- Örútboð vegna húsgagna fyrir mötuneyti á vinnubúðareit
- Sýkingavörnum verða gerð góð skil í nýjum Landspítala
- Framkvæmdir sunnan og vestan við Eirberg
- Framkvæmdir við bílastæði á lóð Landspítala við Kringlu

Búið að reisa öll húsin í fyrsta áfanga á vinnubúðareit

Síðustu húsin í fyrsta áfanga voru afhent í vikunni, hvert hús er rúmlega 14 fermetrar að stærð

Á framkvæmdasvæði við nýjan Landspítala er nú risin gámabyggð þar sem framtíðarvinnubúðir verða vegna uppsteypuverkefnis á nýjum meðferðarkjarna. Á vinnubúðareitnum verður m.a. mötuneyti, fatarými, hreinlætisaðstaða, aðstaða fyrir verktaka og ýmis önnur stoðþjónusta.
Búið er að setja saman öll húsin í fyrsta áfanga sem telur 28 húseiningar, eða sem nemur rúmlega 400 fermetrum.

Unnið er við að setja upp aðgangshlið með aðgangsstýringu á vinnubúðareit

Reist hefur verið spennustöð á svæðinu sem mun sinna allri rafmagnsþörf á vinnubúðareitnum

„Nú er unnið við að loka síðustu húsunum í fyrsta áfanga. Við erum núna í grófum innanhússfrágangi, gólf og veggir og að festa húsin saman. Síðan tekur við vinna við pípulagnir og raflagnir og að ákveða allar lagnaleiðir í húsinu. Síðan hefst undirbúningur að áfanga tvö þar sem 14 húsaeiningar munu rísa til viðbótar. Þá verðum við komnir með um 600 fermetra samtals af húseiningum," segir Guðmundur Magnússon hjá Terra verktökum sem sér um samsetningu á húsunum.
Sett hefur verið upp spennustöð á svæðinu og er unnið við að tengja rafmagn í húsin og settir hafa verið upp ljósakúplar á ljósastaura. Einnig er lokið vinnu við að setja niður safntank við aðgangshlið við Vatnsmýrarveg.

Unnið er að uppsetningu á aðgangshliðum og að sögn Steinars Þórs Backmann, verkefnastjóra hjá NLSH, gengur sú vinna vel og stefnt er að því að öll hlið verði komin upp fyrir áramótin. Aðgangsstýringin inn á svæðið verður með þeim hætti að einungis þeir sem eiga erindi á svæðið fá aðgang og allri umferð bæði akandi og gangandi verður stýrt með aðgangskortum og lesurum sem skrá umferð inn á svæðið.

„þetta er grundvallar öryggisatriði og mikilvægt fyrir okkur sem verkkaupa að gæta fyllsta öryggis á vinnubúðasvæðinu, svæðið er stórt og því er lögð mikil áhersla að við höfum fulla yfirsýn yfir starfsemina á svæðinu hverju sinni. Við verðum einnig með upplýsingaskjái og myndavélar,“ segir Steinar Þór hjá NLSH.

Unnið var við samsetningu á síðustu húseiningunum í fyrsta áfanga í vikunni, séð að Læknagarði



Verið er að einangra rýmið innandyra og að undirbúa tengingu rafmagns

Settur hefur verið niður safntankur við aðgangshlið við Vatnsmýrarveg

Stefnt er að því að uppsetningu og frágangi húseininganna ljúki í lok desember.

(Sjá nr. 1 á korti)

Öryggismál eru mikilvæg í starfsemi NLSH, öryggisnámskeið í samstarfi við Eykt

Hluti starfsmanna Eyktar á námskeiði um öryggismál

NLSH leggur mikla áherslu á vinnuverndar – og öryggismál við hönnun og framkvæmdir í Hringbrautarverkefninu. Eykt ehf er verkframkvæmdaaðili við uppsteypu á nýjum meðferðarkjarna en vinna við uppsteypuna hefst eftir áramótin og mun uppsteypan taka um þrjú ár. Í vikunni var haldið öryggisnámskeið fyrir starfsmenn Eyktar sem koma að uppsteypuverkefninu en námskeiðið tekur mið af lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Námskeiðið var haldið í samstarfi við NLSH.

Farið var yfir atriði varðandi öryggi á framkvæmdasvæðinu, öryggisreglur og til hvers konar hegðunar er ætlast af starfsmönnum svo að viðvarandi öryggismenning megi einkenna uppsteypuframkvæmdina.
Hildur Hrólfsdóttir umhverfis – og öryggisstjóri NLSH: „Vinnuvernd og umhverfismál eru forgangsmál við byggingu nýja þjóðarsjúkrahússins og verða því ávallt í brennidepli meðan á framkvæmdum stendur. Takmark verkkaupa er það að komið verði í veg fyrir heilsutjón, vinnu- eða umhverfisslys með virkri samvinnu og samræmingu allra sem að framkvæmdinni koma. Við fögnum því reynslu og viðhorfum Eyktar til þessa málaflokka. Allar byggingar á svæðinu, sem hægt er að votta, verða vottaðar samkvæmt vistvottunarkerfinu BREEAM og gerðar eru ítarlegar kröfur í útboðsgögnum til hönnuða og verktaka varðandi öryggis- og umhverfismál“.

John Hansen öryggisstjóri Eyktar: Við hjá Eykt leggjum mikla áherslu á öryggismál og á öryggi okkar starfsmanna á verkstað. Við höfum átt gott samstarf við NLSH varðandi öryggisþáttinn í undirbúningi okkar að þessu stóra uppsteypuverkefni á nýjum spítala. Frá Eykt koma mjög margir starfsmenn að þessu verkefni með einum eða öðrum hætti og því krefst verkefnið mikils undirbúnings af okkar hálfu. Við skiptum hópnum okkar í hópa sem munu sækja námskeið með reglubundnum hætti. Við höfum mikla reynslu af stærri verkefnum og sú reynsla á eftir að nýtast okkur vel í þessu verkefni“.

Örútboð vegna húsgagna fyrir mötuneyti á vinnubúðareit

Húsnæðið þar sem sett verður upp mötuneyti með tilheyrandi húsbúnaði

Nú stendur yfir örútboð á vegum Nýs Landspítala vegna kaupa á húsgögnum, borðum og stólum, í mötuneyti fyrir verktaka sem eiga eftir að vera með vinnuaðstöðu á framkvæmdasvæði við nýjan Landspítala. Um er að ræða borð og stóla fyrir 250 manns.
Um örútboð þetta gilda lög um opinber innkaup nr. 120/2016
https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html
Þetta útboð er innan rammasamnings Ríkiskaupa nr. 04 01 um húsgögn, flokkur 3 Biðstofu-, kaffistofu- og mötuneytishúsgögn.

Tilboð verða opnuð í dag föstudaginn 4. desember.

Sýkingavörnum verða gerð góð skil í nýjum Landspítala

Allar sjúkrastofur í nýjum meðferðarkjarna verða einmenningsherbergi

Í nýjum meðferðarkjarna (nýju sjúkrahúsi) verður lögð mikil áhersla á sýkingavarnir og ekki síst með tilliti til þess veirufaraldurs sem dunið hefur yfir á þessu ári.
Ásdís Ingþórsdóttir, verkefnastjóri hjá NLSH, segir að í nýjum meðferðarkjarna, sem verður um 70 þúsund fermetra bygging, verði sýkingavörnum gerð ítarleg skil.
Allar sjúkrastofur á legudeildum verða einstaklingsstofur með sér baðherbergi. Alls um 192 stofur.

- Sérstök smitsjúkdómadeild verður einnig fyrir 20 sjúklinga.
- Sérstök eining HLIU (high level isolation unit), sem er hluti af smitsjúkdómadeild var upphaflega hugsuð fyrir alvarlegan veirufaraldur eins og Ebólu en mundi allt eins nýtast fyrir Covid19 sjúklinga sem þurfa sérhæfða einangrun. Þessi hluti smitsjúkdómadeildarinnar er hönnuð fyrir alvarlegan farsóttafaraldur. Inn á þá einingu verður hægt að koma með sjúklinga utan frá og beint inn á stofur sem eru með sex legurými og öll tæknikerfi eru sér svo sem loftræsing og frárennsli. Svona sérhæfð eining er ekki til á landinu í dag.
- Skurðstofur, undirbúningur og vöknum eru öll með sérstök einangrunarrými þannig að hægt er að sinna aðgerðum á sjúklingum sem eru í smitgátt.
- Skurðstofur, vöknun og gjörgæsla eru hönnuð þannig að hægt verður að skipta þeim upp í sóttvarnarhólf, sé þess þörf, vegna sýkinga eða tjóns eða sem varúðarráðstöfun. Gert er ráð fyrir sóttvarnarhólfum í tæknihönnun og í loftræsikerfum spítalans.
- Á bráðamóttöku verður gert ráð fyrir beinu aðgengi inn á einangrunarstofu og hægt að aðskilja móttöku t.d. fyrir Covid sjúklinga.
- Hönnun hússins er sveigjanleg sem þýðir að hægt verður að breyta einstaka rýmum og aðlaga húsnæðið breytingum á meðferðarúrræðum hverju sinni.
- Sérstakt tillit verður tekið til sýkingavarna við efnisval þar sem mjög há krafa verður gerð um þol efna vegna þrifa með sterkum efnum.

Unnið er að fullnaðarhönnun meðferðarkjarnans og áætlað er að henni ljúki vorið 2021.

„Þessi vinna við hönnun hefur gengið vel og fjölmargir aðilar komið að hönnun hússins og ekki síst notendur þ.e. starfsfólk Landspítala. Ég er þess fullviss að meðferðarkjarninn muni standast allar þær kröfur sem gerðar eru til nýrra sjúkrahúsa og ekki síst með tilliti til sýkingavarna og þess faraldurs sem nú herjar á heiminn. Sú grunnhugsun í hönnun sem lagt var af stað með 2010 er enn í fullu gildi en er einnig í stöðugri endurskoðun og rýni. Meðferðarúrræði eru alltaf að þróast og sveigjanleiki í hönnun gerir okkur kleift að gera ráð fyrir breytingum inn í framtíðina," segir Ásdís Ingþórsdóttir.

Framkvæmdir sunnan og vestan við Eirberg

Hellulagning og uppsetning handriða vestan við Eirberg

Vinna við hellulagningu og uppsetningu handriða þokast áfram vestan við Eirberg. Verklok eru áætluð í desember.
(Sjá nr. 2 á korti)

Framkvæmdir við bílastæði á lóð Landspítala við Kringlu

Búið er að festa niður girðinguna vegna vindaálags

Þessi verkhluti er enn í bið.
Eftir er að ganga frá handriðum við bílastæðið sunnan við Kringlu og meðfram gönguleiðinni sunnan við gamla spítala. Búið er að festa brunnbotna við girðingu vegna vindaálags og að koma í veg fyrir að girðingin fjúki.
(Sjá nr. 3 á korti)

Skýringarmynd

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:
Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 stefanhh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

Hringbrautar verkefnið

nlsh.is